



**Skólaráð Tjarnarskóla**  
**fundargerð 14. fundar**  
( 2. fundur á skólaárinu 2013-2014)  
**Þriðjudaginn 28. janúar 2013 kl. 8:30**

Mættir voru:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri  
Þór Guðnason, 9. bekk, fulltrúi nemenda  
Sigrún Edda Theodórsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks  
Birna Dís Björnsdóttir, fulltrúi kennara  
Karen Ósk Úlfarsdóttir, fulltrúi kennara  
Jón Þór Sturluson, fulltrúi foreldra  
Guðrún Elísa Þorkeldsdóttir, fulltrúi foreldra

Isabelle Helga Proppé Bailey, fulltrúi nemenda og Ragnheiður Hanson, fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, komust ekki á fundinn.

Fundarritari var Sigrún Edda Theodórsdóttir.

Margrét setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og kynnti fundarefnið og studdist við glærur. Fundarmenn fengu skóladagatal fyrir næsta skólaár með fundarboðinu en skóladagatalið verður viðfangsefni næsta fundar.

**1. Verkefni ráðsins rifjuð upp**

Það vinnulag hefur skapast að skipta viðfangsefnum skólaráðs niður á árin þar sem ekki er unnt að sinna öllum verkefnum á einu skólaári. Þetta árið beinum við sjónum að umbótaáætlun í kjölfar heildarmats og öryggi og aðbúnaði nemenda og starfsfólks. Auk fastra liða eins og skóladagatal, starfsáætlun og að hafa einn „opinn fund“.

**2. Umbótaáætlun í kjölfar heildarmats; öryggi, aðbúnaður, vellíðan**

Margrét sagði frá heildarmatsferlinum sem fór fram í október og nóvember 2012 sem lauk með því að unnin var umbótaáætlun (var varpað upp á skjá á fundinum. Fyrir fundinn var skjalið með umbótaáætlun sent á fundarmenn).

Á fundinum var farið sérstaklega yfir öryggismál og aðbúnað í skólanum sem var eitt af þróunarverkefnum síðasta árs og lesa má um í sjálfsmatsskýrslu síðasta árs (er birt á heimasíðu skólans).

Farið var rækilega yfir öryggismálin á síðasta skólaári. Kallað var eftir úttekt heilbrigðiseftirlits sem gerði engar athugasemdir. Einnig var óskað eftir úttekt Vinnueftirlits sem gerði þrjár athugasemdir:

- a) Að ljúka þyrfti áhættumati.
- b) Setja upp munaskápa starfsmanna.
- c) Útbúa möppu með öryggisblöðum.

Brugðist við öllum þessum þáttum og er þeim lokið.

Eldvarnir og rýmingaráætlun eru fastir liðir á dagskránni í skólanum á hverjum vetri. Fagmenn fara yfir eldvarnakerfið og það prófað og rýmingaræfingar fara fram. Í raun byrjar fræðsla um viðbrögð við eldsvoða og jarðaskjálfta í 1. viku hvers skólaárs. Eldvarnaeftirlit kemur einnig á hverju ári. Við höfum fengið hrós frá þeim fyrir að halda vel utan um öryggismálin.

Líðan nemenda er könnuð kerfisbundið tvisvar á ári og niðurstöður birtar í sjálfsmatsskýrslu í lok skólaársins. Það er ánægjulegt að niðurstöður fela í sér að nemendum líður oftast betur hér en í þeim skóla sem þeir koma úr.

Varðandi tækjabúnað, þá nefndi Margrét að keyptar voru nokkrar tölvur og i-padar í haust. Keyptir voru skjávarpar, hátalarar, ný borð og kennaraborð í allar stofur á síðasta ári. Það var mikið gleðiefni þar sem sömu borð höfðu verið notuð allt frá stofnun skólans, 1985.

Um þátttinn vellíðan á vinnustað sagði Margrét að fyrir rúmu ári var gerður samningur við Vinnuvernd ehf. Samtök sjálfstæðra skóla létu fara fram útboð á þessari þjónustu og varð Vinnuvernd fyrir valinu. Sá aðili sér m.a. um að gera viðhorfskönnun meðal kennara, þeir hafa aðgang að læknisþjónustu og vinnustaðasálfræðingi og geta sótt námskeið hjá þessum aðila. Hluti af sjálfsmatsvinnunni var að gera eineltisáætlun á á vinnustaðnum og leggja fyrir viðhorfskönnun meðal starfsmanna. Könnun af þessu tagi er liður í að tryggja vellíðan á vinnustað.

#### **Gætu foreldrar/nemendur komið enn frekar að umbótavinnunni?**

Þessi spurning var rædd. Margrét rifjaði upp hugmyndafundinn í fyrra, sem tókst afar vel, og leitaði eftir hugmyndum hjá skólaráðsmönnum um viðfangsefni næsta opna fundar. Hvernig er hægt að virkja foreldra og nemendur til að koma skoðunum sínum enn frekar á framfæri t.d. varðandi umbótaáætlunina.

Jón Þór kom með fyrirspurn um hvernig skjalið hefði orðið til. Margrét útskýrði ferlið; vinnuhópur frá Skóla- og frístundasviði, sem framkvæmdi heildarmatið, kom og gerði úttekt meðal kennara, nemenda og foreldra. Í kjölfarið fengum við heildarmatsskýrslu þar sem styrkleikar og veikleikar voru greindir. Síðan var okkur ætlað að gera umbótaáætlun um það sem betur mætti fara. Umbótaferlið stendur nú yfir.

Hluti heildarmatsferlisins var að *Skólapúlsinn* var fenginn til að leggja könnun fyrir nemendur. Niðurstöður voru skoðaðar og vísbendingar um það sem betur mætti fara voru ræddar. Haldinn var hugmyndafundur með foreldrum og nemendum síðast liðið vor þar sem við

fengum mjög margar hugmyndir um hvernig við getum gert gott starf ennþá betra (hægt að sjá tillögur í fundargerð síðasta fundar skólaráðs). Mjög margar af þeim tillögum hafa nú þegar orðið að veruleika, eins og kemur fram í fundargerð síðasta fundar skólaráðsins.

Elísa (foreldri): Sagðist hafa verið mjög ánægð með hugmyndafundinn, góða vinnu og að margar góðar hugmyndir hafi komið fram, spurning að hafa sambærilegan fund aftur?

Margrét stakk upp á að skólaráðið læsi betur yfir umbótaáætlunina og kæmi með tillögu um hvað ætti að taka sérstaklega fyrir, þar sem plaggið tekur á mörgum þáttum og því erfitt að fara gaumgæfilega yfir þá alla.

Jón Þór (foreldri): Benti á að settar hafi verið fram dagsetningar varðandi mat á framvindu, lokaárangursmæling ætti að vera um mitt þetta ár (2014) og þá eðlilegt að taka næstu skref þegar þær mælingar liggja fyrir. Jón spurðist fyrir um stærðfræðiþáttinn, hvernig til hafi tekist og hvaða leiðir hafi verið farnar í að styrkja þennan þátt í skólastarfinu.

Margrét benti á að mjög margir sem sækja um í skólanum væntu þess að fá góðan stuðning í stærðfræði, sérstaklega þeir sem standa höllum fæti þegar þeir byrja hér. Til þess að efla þennan þátt enn frekar var bætt við val tímum í stærðfræði í byrjun skólaárs sem margir nýta og ættu þar með að eflast.

Jón spurði einnig um viðbrögð skólans við ábendingu um að styrkja nemendur í að setja sér námsmarkmið. Svar Margrétar var á þá leið að í lok 1. annar var nemendum og foreldrum ætlað að vinna saman sjálfsmat og að nemendur settu sér námsmarkmið á Námfúsi, sem er nýr liður í uppgjöri og mati hverrar annar. Kennarar voru ánægðir með þessa vinnu eftir síðustu önn, góð viðbót.

Rætt var áfram um skýrsluna um heildarmatið á skólastarfinu sem inniheldur marga þætti. Mikilvægt er að heyra sjónarmið allra, kennarar hafa auðvitað sína sýn en það er mikilvægt að draga fram sjónarmið foreldra og nemenda í umbótaferlinu.

3. **Á næsta fundi þarf að huga að viðfangsefni á „opnum fundi“** sem verður síðasti fundur á þessu starfsári. Nemendum í nemendaráði verður boðið á þann fund.

#### 4. Önnur mál

Margrét nefndi að foreldrar í 10. bekk ættu skilið hrós. Það var slegið þátttökumet í undirbúningsfundi fyrir svo nefnda ungbarnadaga, þegar nemendurnir fá „ungabarn“ í hendurnar til að annast. Gaman þegar svo vel tekst til.

Ný heimasíða hefur verið sett á netið, ánægjulegt ! ☺

## Skólaráð Tjarnarskóla 2013-2014

Þór (nemandi) kom með hugmynd varðandi námið. Ætti að vera áhersla að allir fá sama grunninn og fái svo upprifjun, en hver og einn fái að vinna á sínum hraða. Þannig gætu nemendur unnið meira saman og spjallað um námsefnið, erfitt þegar allir eru hver á sínum staðnum í námsefninu. Góður punktur hjá Þór. Karen (kennari) nefndi að hægt væri að ræða þetta í hverjum bekk og á kennarafundi.

Margrét minnti á það skiladagur á skóladagatali næsta skólaárs sé í apríl. Stungið var upp á að næsti fundur verði haldinn í mars. Ákveðið var að stefna á fund 18. mars kl. 16:00-17:00.

Fundi slitið eftir u.þ.b. klukkustund.

SET